

Alþingi  
Erindi nr. P 140/2238  
komudagur 7.5.2012

7.5.2012

Sæl verið þið

Nefndasvið Alþingis óskaði með tölvupósti frá 25. apríl sl. eftir því að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið veitti umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Lönaðarráðherra skal leggja í samráði og samvinnu við umhverfisráðherra eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Í verndar- og orkunýtingaráætlun skal í samræmi við markmið laga nr. 48/2011 lagt mat á verndar- og orkunýtingargildi landsvæða og efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar, þ.m.t. verndunar. Í verndar- og orkunýtingaráætlun skal tekið mið af vatnaáætlun samkvæmt lögum um stjórn vatnamála.

Markmið þingsályktunar er að móta stefnu um hvort landsvæði þar sem er að finna virkjunarkosti megi nýta til orkuvinnslu eða hvort ástæða sé til að friðlýsa þau eða kanna frekar. Virkjunarkostir á viðkomandi svæðum eru samkvæmt því flokkaðir í orkunýtingarflokk, verndarflokk eða biðflokk.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið framsendi ósk nefndarsviðs Alþingis um umsögn fyrirbyggjandi tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða til Fiskistofu og Veiðimálastofnunar. Þetta eru tvær af undirstofnunum ráðuneytisins. Auk þess fékk Landgræðsla ríkisins þingsályktun þessa til umsagnar frá nefndarsviði Alþingis. Ráðuneytið gerir ekki sjálf efnislegar athugasemdir núna við meðferð þingsályktunarinnar.

Með kveðju,

---

Óskar Páll Óskarsson  
Lögfræðingur / Lawyer  
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið / Ministry of Fisheries and Agriculture  
Skúlagötu 4, 150 Reykjavík  
sími / tel.: +(354) 545 8300  
[oskar.pall.oskarsson@slr.stjr.is](mailto:oskar.pall.oskarsson@slr.stjr.is)